

**GREINARGERÐ MEÐ
BREYTTUM
ÚTHLUTUNARREGLUM LÍN
2016 – 2017**

27. janúar 2016

Inngangur

Á stjórnarfundum Lánasjóðs íslenskra námsmanna 27. ágúst 2015 skipaði stjórn fjóra stjórnarmenn í undirbúningsnefnd til að vinna að tillögum að breytingum á úthlutunarreglum fyrir skólaárið 2016-2017. Í undirbúningsnefndinni sátu Katrín Helga Hallgrímsdóttir, Davíð Þór Þorláksson, Tryggvi Músson og Laufey María Jóhannsdóttir. Með hópnum unnu Edda Kristjánsdóttir, Hlöðver Bergmundsson og Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir. Hópurinn hittist á sex fundum á tímabilinu september 2015 til nóvember 2015 og lagði tillögur sínar fyrir stjórn á fundi 30. nóvember 2015. Tillögurnar voru einnig ræddar á fundum stjórnar þann 16.10.2015 og 9.11.2015. Stjórnin samþykkti endanlegar úthlutunarreglur á fundi sínum þann 14. desember 2015 ásamt greinargerð þessari og kostnaðarmati.

Samantekt

Helstu breytingar sem gerðar eru á úthlutunarreglum fyrir námsárið 2016-2017 eru eftirfarandi:

- Ekki verður lánað til frumgreinanáms fyrir skólaárið 2016-2017 nema skýr fyrirmæli um það komi frá menntamálaráðuneytinu (gr.1.2.2)
- Ekki verður lánað til einkanáms í tónlist frá og með námsárinu 2016-2017 líkt og boðað var í síðustu úthlutunarreglum en námsmenn sem voru í námi fengu að ljúka því á grundvelli eldri reglna. (gr.1.3.3)
- Hámarkseiningafjöldi sem hægt verður að fá lán fyrir verða 480 ECTS-einingar í stað 540 ECTS-eininga. Þetta þýðir að nemandi sem fer í grunnám (180 ECTS), mastersnám (120 ECTS) og doktorsnám (60 ECTS) getur fengið lán sem nemur 8 skólaárum með því að nýta sér sameiginlegt svigrúm (120 ECTS) og þannig lokið á hefðbundinn hátt grunnnámi, meistaranámi og doktorsnámi á lánum frá LÍN. Námsmenn geta enn tekið tvær meistara-gráður með því að nýta sér sameiginlega svigrúmið eða tvær bachelor gráður með því að nýta sér sameiginlega svigrúmið og að því gefnu að þeir fái 60 ECTS-einingar metnar úr fyrra námi.
- Heimild námsmanna til að nýta sér svigrúm vegna barneigna er útvíkkuð þannig að aukið svigrúm sé í 12 mánuði eftir fæðingu barns í stað tveggja anna áður (gr. 2.4.4).
- Framfærslugrunnur námsmanna erlendis er uppfærður í samræmi við greiningu Analytica á framfærslu erlendis, frá því í fyrra. Framfærslugrunnur var leiðréttur í síðustu úthlutunarreglum til hækkunar í einu lagi þar sem það var þörf og til lækkunar allt að 10%. Þar sem lækka þurfti framfærslugrunninn meira lækkar hann um 20% á námsárinu 2016-2017 og það sem eftir stendur kemur til lækkunar að fullu á námsárinu 2017-2018. (kafli III)
- Gert er ráð fyrir að það hlutfall sem LÍN lánar fyrir framfærslu hækki úr 90% í 93% og að frítekjumarkið verði óbreytt kr. 930.000.
- Breytingar eru gerðar á því viðmiði sem lánað er til húsnæðis fyrir alla hópa námsmanna nema einhleypa námsmenn og námsmenn í sambúð. Viðbótarlán vegna húsnæðis lækkar þannig um kr. 10.000 hjá námsmönnum með tvö börn eða fleiri á framfæri sínu og kr. 20.000 fyrir námsmenn með eitt barn á framfæri sínu (gr. 4.2).
- Uppgreiðsluafslátturinn verður ákveðinn við gerð hverra úthlutunarreglna og í úthlutunarreglum 2016-2017 hefur hann verið ákvarðaður 7,5% (gr. 8.3.2).

Tilmæli um lagabreytingar

Stjórn LÍN mæltist til þess í greinargerð með úthlutunarreglum 2014-2015 og 2015-2016 að fram færi endurskoðun á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna nr. 21/1992 og fagnar því að sú vinna sé hafin.

Þau atriði sem þarfnast skoðunar með lagabreytingar í huga eru m.a. eftirfarandi:

- Samspil styrkveitinga og lánveitinga
- Mat á sérnámi hér á landi
- Aldurshámark á námsmenn við lántöku
- Fjárhæðahámörk á lántöku
- Endurgreiðslur
- Lagastoð vegna framfærslulána og skólagjaldalána í frumgreinanám.

Taka þarf tillit til ýmissa athugasemda sem fram komu í skýrslu Ríkisendurskoðunar til Alþingis um Lánasjóð íslenskra námsmanna, lánshæfi náms og þróun útlána frá júní 2011 og eftirfylgni með skýrslunni frá 2011, dags. september 2014. Sömuleiðis þarf að huga að þeim atriðum sem fram komu í skýrslu Summu ráðgjafar um fjárhagslega áhættu LÍN frá desember 2013 og áhættuskýrsla til stjórnar LÍN maí 2015. Allt með það að markmiði að LÍN geti til framtíðar tryggt námsmönnum viðunandi framfærslu, sérstaklega í ljósi mikils vaxtar útlána og hækkunar námslánaskulda á undanförunum árum.

Tilmæli um reglugerðarbreytingar

Breyttar úthlutunarreglur LÍN fyrir skólaárið 2016 – 2017 kalla á eftirfarandi breytingar á reglugerð nr. 478/2011:

6. grein

Í stað „540 ECTS-einingum“ í 1. mgr. komi „480 ECTS-einingum“

Greinargerð með breyttum úthlutunarreglum 2016-2017

I. Kafli - Lánshæft nám

1.1 Almenn

Í síðustu úthlutunarreglum fyrir skólaárið 2015-2016 var ákveðið að námsmenn í námi með vinnu fengju þrefalt frítekjumark einungis fyrsta árið í námi (eins og aðrir námsmenn) þegar veitt er lán til skólagjalda vegna námsins, sjá grein 3.3.2. Áður hafði þessi hópur námsmanna áður fengið þrefalt frítekjumark bæði árin í námi. Um er að ræða nám sem uppfyllir ekki skilyrði þess að vera lánshæft til framfærslu og því er um að ræða undanþágu frá þeirri meginreglu um að lán sé lánshæft ef það er skipulagt sem fullt nám í kennsluskrá skóla eða 60 ECTS-einingar á hverju skólaári samanber 2. mgr. greinar 1.1. Þessi breyting kemur hins vegar ekki að fullu til framkvæmda fyrr en á skólaárinu 2016-2017 þar sem námsmenn sem hófu nám árið 2014-2015 fá að halda eldri reglu.

Eins og sést í meðfylgjandi töflu fengu 156 námsmenn lán til skólagjalda í námi með vinnu á árinu 2014. Meðaltekjur þessara námsmanna voru 5,5 m.kr. á ári. Heildarlán LÍN til skólagjalda námu um 170 m.kr. og meðalskólagjaldalán nam um 1,1 m.kr.

Land	Skóli	Náms-grein	Náms-gráða	Fjöldi	Afgreidd skólagj. á skólaári	Meðal-afgreidd skólagj.	Meðal staðnar ein.	Meðal framtals-tekjur
Ísland	HÍ	Fjölskyldumeðferð	Master	12	6.235.041	519.587	43	3.991.669
Ísland	HÍ	Viðsk.fr.	Diploma	11	7.395.347	672.304	49	3.872.251
Ísland	HÍ	Viðsk.fr.	MBA	34	39.937.474	1.174.632	45	5.258.842
Ísland	HR	Viðsk.fr.	MBA	52	63.753.911	1.226.037	45	6.367.249
Ísland	HR	Verkefnastjórnun	M.P.M.	44	45.782.637	1.040.514	45	5.669.724
Erlendis	Danm/Spánn/Engl.	Viðsk.fr.	MBA	3	53.567.862	2.366.523	137	13.122.761
Samtals				156	170.249.876	1.091.345	45	5.560.955

Til útskýringa þá fær námsmaður með eitt barn og 5,5 m.kr. í tekjur enga skerðingu og því fullt skólagjaldalán að því gefnu að hann fái þrefalt frítekjumark á fyrsta ári í námi. En ef miðað er við einfalt frítekjumark, annað ár í námi, þá skerðast lán vegna skólagjalda um 330 þús.kr.

Var þessi grein, 3.mgr., áfram til umræðu við endurskoðun úthlutunarreglna 2016-2017 og þá hvort hætta ætti alfarið að lána fyrir skólagjöldum vegna þessa náms enda er lánað til þessa náms á undanþágu frá þeim almennri reglu um lánshæft nám samanber 2. mgr. greinar 1.1 í úthlutunarreglunum. Regla þessi kom inn í byrjun aldarinnar þegar Háskólinn í Reykjavík byrjaði að kenna „viðskiptafræði með vinnu“. Náminu var dreift á þrjár annir á námsárinu (haust, vor og sumar), 9 skólaeiningar (svarar til 18 ECTS í dag) á hverri önn sem var ekki lánshæfur árangur. Þó „viðskiptafræði með vinnu“ sé ekki til í dag, þá njóta MBA, MPA, ýmsar námsleiðir við Endurmenntun og aðrar sambærilegar námsleiðir háskólanna góðs af þessari reglu. Þess má geta að fjölgun hefur verið á undanförunum árum í hópi skóla og námsleiða sem settar eru upp sem nám með vinnu þannig að námið sé lánshæft fyrir skólagjöldum. Því má gera ráð fyrir að þessi

skólagjaldalán eigi áfram eftir að aukast, frekar en ekki. Þá er stór hluti af þessu námi innan endurmenntunardeilda háskólanna en þær hafa ekki heimild til að útskrifa þessa nemendur með lærdómsgráðu. Eins og sést í töflu hér fyrir ofan eru meðalárstekjur einstaklinga sem sækja slíkt nám um kr. 5,6 milljónir. Þá er meðalaldur þessara námsmanna hærri en meðalaldur hins hefðbundna námsmanns eða um 38 ár, sem er um 10 árum hærri en hins hefðbundna námsmanns. Áhætta sjóðsins af innheimtu þessara lána er því meiri en af innheimtu námslána almennt.

Byggt á upplýsingum sem fengust frá norrænu lánasjóðunum, þá er ekki lánað til hlutanáms, hvorki til skólagjalda né framfærslu í Danmörku og Finnlandi. Í Danmörku er einungis lánað/styrkt til náms sem skipulagt er sem fullt nám en Finnar veita ekki aðstoð til skólagjalda. Í Svíþjóð er lánað fyrir skólagjöldum til hlutanáms erlendis. Norðmenn lána fyrir skólagjöldum að frádregnum styrkjum sem námsmaður fær innanlands og lána/styrkja einnig fyrir skólagjöldum erlendis að frádregnum styrkjum.

Einhugur var um það í endurskoðunarnefnd úthlutunarreglna að leggja til að LÍN veiti ekki lengur lán fyrir skólagjöldum til hlutanáms, þ.e. að felld verði á brott úr úthlutunarreglunum undanþágan í 3. mgr. greinar 1.1. Á stjórnarfundi þann 30. nóvember 2015 var samþykkt að tillagan skyldi ekki formlega lögð fram að svo stöddu og því beint til nefndar sem nú er að störfum um endurskoðun laga um lánasjóðinn að skoða hvort LÍN beri að veita skólagjaldalán fyrir hlutanámi eður ei.

1.1.5 Réttindi annarra erlendra námsmanna

Orðalagi breytt lítillega, en í því felst engin efnisleg breyting.

Vakin er athygli á því að flóttamenn og hælisleitendur öðlast ekki rétt til lána hjá LÍN fyrr en þeir hljóta ríkisborgararétt eða á grundvelli greinar 1.1.5 í úthlutunarreglunum, þ.e. séu í hjúskap með íslenskum ríkisborgara. Frumkvæði að breytingum á þessu þarf að koma frá ráðuneytinu, sé vilji til þess og þarf þá jafnframt að gera breytingar á reglugerð nr. 478/2011. Í þessu samhengi er jafnframt vísað til bréfs sem LÍN sendi velferðarráðuneytinu með afriti á menntamálaráðuneytið í desember 2013 um málefni flóttamanna og hælisleitenda.

1.2 Lánshæft nám á Íslandi

1.2.2 Sérnám á Íslandi

Í úthlutunarreglum fyrir námsárið 2015-2016 var skilyrðinu í 3.tl. bætt við, þ.e. að námslok væru á þriðja hæfnisþrepi. Þá var jafnframt boðað að fyrir skólaárið 2016 – 2017 yrði einungis lánað til þess hluta námsins sem væri á þriðja hæfnisþrepi.

Með hæfnisþrepi í þessari grein er átt við kröfur sem gerðar eru um hæfni nemenda að loknu námi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla. Það er á ábyrgð menntamálaráðuneytis að meta á hvaða hæfnisþrepi tiltekið nám er. Þetta fyrirkomulag er þáttur í því að gæta jafnræðis þegar ákveðið er hvaða nám telst lánshæft hjá LÍN, sbr. athugasemdir frá Ríkisendurskoðun í skýrslu til Alþingis um Lánasjóð íslenskra námsmanna, lánshæfi náms og þróun útlána frá júní 2011.

Framangreint mat á sérnámi hér á landi hefur ekki farið fram og því hefur ekki enn verið hægt að fylgja eftir þeirri reglu sem sett var í úthlutunarreglurnar fyrir námsárið 2015 – 2016. Að svo stöddu þykir því ekki tilefni til að stíga skrefið til fulls, en áréttað er við ráðuneytið mikilvægi þess að ofangreint mat á sérnámi fari fram.

Námsárið 2015 – 2016 hefur farið fram vinna hjá sjóðnum við að endurmeta sérnám á Íslandi og erlendis á grundvelli úthlutunarreglna eins og þær eru nú. Óskað hefur verið eftir því við fjölda skóla/námsleiða að staðfest verði að umrætt nám uppfylli kröfur úthlutunarreglna, m.a. um að sambærilegt nám sé almennt ekki í boði á háskólastigi. Þetta gæti leitt til þess að nokkrar námsleiðir sem nú er lánað til verði ekki lánshæfar.

Fylgiskjal IV verður felld út úr úthlutunareglunum en í stað þess verður birt leiðbeinandi yfirlit á heimasíðu LÍN. Sjá einnig nýja grein 1.4.

Frumgreinanám

Menntamálaráðuneytið hefur nú skipað nefnd til að vinna að endurskoðun á lögum um lánsjóðinn. Stjórn LÍN ítrekar mikilvægi þess að lagastoð fái fyrir lánnum til frumgreinanáms, sé á annað borð vilji til þess. Ekki verður lánað til frumgreinanáms fyrir skólaárið 2016-2017 nema til komi skýr fyrirmæli um það frá ráðuneytinu.

1.3 Lánshæft nám erlendis

1.3.2 Sérnám

Lagt var til í úthlutunarreglum 2015-2016 að lánshæfi allra sérnámsskóla erlendis yrði endurskoðað og þeir skoðaðir út frá sömu kröfum og gerðar eru til sérnámsskóla á Íslandi. Framkvæmdin yrði þá með þeim hætti að listi yfir lánshæfa sérnámsskóla yrði endurskoðaður og lánshæfi skóla metið eftir því sem umsóknir berast. Þetta verklag yrði tilkynnt sérstaklega á heimasíðu LÍN. Sjá einnig tillögur að breytingum í grein 1.3.5.

Ekki náðist að framkvæma þessa vinnu fyrir haustið 2015. Afmörkuð endurskoðun á lánshæfi sérnámsskóla erlendis hófst haustið 2015. Hún felst í því að tilteknir skólar, sem sjóðurinn hefur metið svo að vafi sé á hvort uppfylli þau skilyrði sem gerð eru í grein 1.3.2, eru teknir af lista yfir lánshæfa sérnámsskóla erlendis. Matið byggir á fyrirbyggjandi gögnum hjá sjóðnum. Óski námsmaður eftir því að fara í nám í viðkomandi skóla mun skólinn verða metinn upp á nýtt á grundvelli nýrra gagna í samræmi við það ferli sem viðhaft er þegar óskað er eftir mati á námi erlendis.

1.3.3 Einkanám í tónlist

Þetta ákvæði er felld út í úthlutunarreglum 2016-2017 eins og gert var ráð fyrir þar sem það verður ekki lengur lánshæft. Þeir sem höfðu þegar hafið nám á grundvelli þessarar reglu fengu að ljúka sínu námi á skólaárinu 2015-2016.

1.4 Upplýsingar um lánshæft nám

Lagt er til að í stað greinar 1.3.5 um upplýsingar um lánshæft nám erlendis komi nokkurn veginn samhljóða grein um lánshæft nám, sem tekur bæði á lánshæfu námi á Íslandi og erlendis. Í greininni kemur fram að leiðbeinandi lista yfir lánshæft nám sé að finna á heimasíðu LÍN. Þá er undirstrikuð heimild sjóðsins til að endurmeta nám og óska eftir nýjum gögnum til að meta lánshæfi náms.

II. Kafli – Námsframvinda

2.1 Almenn

Bætt er inn í reglurnar að 80 ECTS-eininga hámarksframfærslulán miðar við að þá sé verið að veita námsmanni fulla framfærslu allt árið eða í 12 mánuði. Er með þessari breytingu verið að undirstika að námsmenn sem eru í meira en 80 ECTS-eininga námi á 12 mánuðum geti aldrei fengið lánað fyrir fleiri einingum en því nemur.

Lagt er til að síðasta málsgreinin í grein 2.1 falli á brott. Málsgreinin hefur enga þýðingu í reglunum í dag og þykir rétt að hún falli brott.

2.2 Lánshæfar einingar

Bætt er inn í fyrstu málsgrein að námsmaður þurfi að vera skráður í 22 ECTS-einingar til loka annar til að eiga rétt á láni. Þetta er gert til að koma í veg fyrir að nemendur sem hafa í hyggju að stunda minna en 22 ECTS-einingar skrái sig í 22 ECTS eininga nám í upphafi en skrái sig svo úr einhverjum fögum á önninni og fái síðan á grundvelli reglu í gr. 2.4.1 lán fyrir einingum á haustönn þrátt fyrir að hafa ekki uppfyllt skilyrði um lágmarks námsframvindu. Þessi regla í grein 2.4.1 var hugsuð til að koma til móts við nemendur í fullu lánshæfu námi sem lenda í skakkaföllum og fái þá námslán fyrir loknum einingum séu þær a.m.k. 44 ECTS-einingar eða fleiri samanlagt á báðum misserum.

Þá er jafnframt bætt við eftirfarandi málsgrein í gr. 2.2 „Ef lánsréttur námsmanns á tilteknu námsstigi er undir lágmarks námsframvindukröfum (<22 einingar) þá er heimilt að veita námsmanni lán sem nemur eftirstöðvum einingarréttar hans svo framarlega sem hann lýkur að lágmarki 22 ECTS einingum“.

Um er að ræða vinnureglu sem starfað hefur verið eftir hjá sjóðnum, en rétt þykir að hún sé orðuð í reglunum.

2.3.3 Doktorsnám

Hér er lagt til að einingarréttur til doktorsnáms verði lækkaður um 60 ECTS-einingar. Þannig verður að hámarki veitt lán fyrir 480 ECTS-einingum alls.

Skipting á lánsrétti milli námsstiga verður því eftirfarandi:

- Grunnám: 180 ECTS-einingar
- Meistaránám 120 ECTS-einingar
- Doktorsnám 60 ECTS-einingar
- Sameiginlegt svigrúm 120 ECTS-einingar
- Samtals 480 ECTS-einingar**

Með þessu ferli geta námsmenn fengið lán fyrir námi í 8 ár og þannig lokið á hefðbundinn hátt grunnnámi, meistaránámi og doktorsnámi á lánum frá LÍN. Að mati stjórnar LÍN standa takmörkuð rök til þess að veitt séu námslán umfram það sem gera má ráð fyrir að sé hefðbundin framvinda náms.

Námsmenn hafa auk þess nokkuð svigrúm til að haga námi sínu eftir eigin höfði. Námsmaður getur þannig tekið tvær mastersgráður með því að nýta sameiginlega svigrúmið í seinna mastersnámið. Námsmaður getur einnig tekið tvær bachelor gráður með því að nýta sameiginlega svigrúmið og að því gefnu að hann fái 60 ECTS-einingar metnar úr fyrra námi.

Með þessari breytingu er verið að nálgast enn frekar það sem lánasjóðirnir á hinum Norðurlöndunum gera. Með þessari breytingu mundi LÍN veita lán til náms í 8 ár, líkt og Norðmenn. Á öllum hinum Norðurlöndunum er að hámarki veitt lán til 6 ára.

Rætt var um við gerð síðustu úthlutunarreglna að lækka hámark námslána niður í 480 ECTS-einingar. Það var ekki gert heldur ákveðið að taka þetta skref í áföngum m.a. þar sem talið var að íslenskir námsmenn ættu ekki jafn mikla möguleika á að njóta styrkja í sínu doktorsnámi hérlandis og nemendur erlendis.

Í fjárlagafrumvarpi ársins 2016 er 900 milljóna tímabundin hækkun á framlagi til Rannsóknasjóðs. Er þetta hluti af aðgerðaráætlun Vísinda- og tækniráðs sem byggir á stefnu þess árin 2014-2016 og er henni ætlað að auka slagkraft í fjármögnun vísinda og rannsókna hérlandis. Gerir áætlunin ráð fyrir samtals 2,8 milljarða hækkun til samkeppnissjóða í rannsóknum.

Þó að þessi fjárveiting sé ekki beint framlag til doktorsnema má þó ætla að samhliða þessu aukist möguleikar til styrkja fyrir doktorsnema á Íslandi þar sem vísindamenn og doktorsnemar hafa aðgang að sjóðnum.

Námsárið 2013-2014 sóttu alls 132 doktorsnemar um námslán, þar af 71 á Íslandi en 61 doktorsnemi erlendis. Heildarfjöldi doktorsnema í námi á Íslandi var hins vegar 510 og því einungis 14% um doktorsnema á Íslandi á námslánum hjá LÍN. Námsárið 2014-2015 voru umsækjendur um námslán í doktorsnámi á Íslandi 56 sem þýðir 21% fækkun á umsækjendum á milli ára en hins vegar er sami fjöldi umsækjenda erlendis. Heildarfjöldi doktorsnema í námi við HÍ var hins vegar 526, sem er fjölgun frá því árinu áður sem þýðir að tæp 11% doktorsnema voru á námslánum hjá LÍN á síðasta námsári. Á sama tíma og umsækjendum fækkar hjá LÍN um 21% í doktorsnámi á Íslandi fjölga doktorsnemum í námi um 3%.

Heiti lands	Fjöldi
Austurríki	1

Ástralía	1
Bandaríkin	27
Bosnía	1
Danmörk	2
England	10
Finnland	2
Holland	1
Írská lýðveldið	1
Ísland	71
Ítalía	2
Japan	1
Kanada	4
Króaía	1
Noregur	1
Nýja-Sjáland	1
Skotland	1
Spánn	2
Svíþjóð	1
Tékkland	1
Samtals:	132

Í meðfylgjandi töflu sést fjöldi nemenda sem skráðir eru í HÍ á árunum 2009-2014. Eins og sést í töflunni þá eru á bilinu 11-14% af nemendum í framhaldsnámi í doktorsnámi.

Skráðir nemendur í HÍ -	2014-2015		2013-2014		2012-2013		2011-2012		2010-2011		2010-2009	
	20. okt.	20. feb.	20. okt.	20. feb.	20. okt.	20. feb.	20. okt.	20. feb.	20. okt.	20. feb.	20. okt.	20. feb.
Heildartölur												
Nýnemar	3.156	3.170	3.661	3.675	3.624	3.662		4.321				
Grunnnám (með nýnemum)	8.758	8.654	9.285	9.108	9.592	9.603		10.243				
Starfs- og viðbótarnám	729	793	745	799	496	537		500				
Framhaldsnám	3.646	3.871	3.852	4.057	3.753	3.960		3.807				
Meistaránám	3.234	3.345	3.441	3.547			3.263	3.361	3.234	3.351	3.006	
Doktorsnám	412	526	437	510			421	478	456	497	348	
Leyfi	88	102	94	108	78	106		74				
Fjöldi nemenda alls	13.045	13.216	13.788	13.856	13.763	13.994	14.014	14.476	13.981	14.212	13.957	14.639
Doktorsnem. sem hlutf. fj.nem.	3%	4%	3%	4%			3%	3%	3%	3%	2%	0%
Doktorsnem. sem hlutf. af fj.nem. í framh.námi	11%	14%	11%	13%	0%	0%	13%					

Tekið úr skýrslu mennta- og menningarmálaráðuneytisins um Háskóla á Íslandi:

„Doktorsnám

Í gegnum tíðina hafa flestir Íslendingar sem stundað hafa doktorsnám farið utan til þess. Þó hefur Háskóli Íslands brautskráð doktora allt frá fyrstu starfsárum sínum. Fyrsta doktorsvörnin var árið 1919 og til og með 1980 luku 53 doktorsprófi við skólann eða minna en einn á ári til jafnaðar. Flestar doktorsvarnir fyrstu áratugina voru á sviði hugvísinda og læknisfræði þótt lögfræðingar og guðfræðingar hafi líka verið brautskráðir sem doktorar. Frá 1981-1990 voru doktorsvarnir 15 talsins, eða tæplega tvær á ári til jafnaðar og frá 1991-2000 voru þær 26 eða tæplega þrjár að


meðaltali á ári. Það vekur athygli að af þeim 94 doktorum sem brautskráðust á 20. öld voru aðeins 8 konur og luku sjö þeirra prófi á áratugnum frá 1991-2000.

Fyrir árið 1997 brautskráði Háskóli Íslands doktora án undangengis skipulags náms. Árið 1990 hóf Háskóli Íslands að bjóða upp á skipulagt doktorsnám og sjö árum síðar, 1997, var fyrsti doktorinn brautskráður úr slíku námi. Síðan þá hefur doktorsvörnum við Háskóla Íslands fjölgað ört. Frá 2001 til 2014 luku 381 doktorsprófi frá Háskóla Íslands og voru 52% þeirra konur. Árið 2014 var metár í sögu skólans, en þá luku 82¹ doktorsprófi eða litlu færri en alla 20. öldina.

Við Kennaraháskólann var fyrst boðið upp á doktorsnám árið 2001 en eins og áður segir sameinaðist skólinn Háskóla Íslands árið 2008.² Árið 2008 fékk Háskólinn í Reykjavík viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins fyrir doktorsnámi í tölvunarfræði og árið 2009 tímabundna viðurkenningu í viðskiptafræði og lögfræði. Árið 2015 hlaut skólinn fulla og ótímabundna viðurkenningu í viðskipta-, lög- og sálfræði.

Árið 2009 hlaut Landbúnaðarháskólinn viðurkenningu á doktorsnámi til fjögurra ára og var hún bundin því skilyrði að skólinn hefði samstarf við Háskóla Íslands um námið. Leyfið var framlengt um eitt ár árið 2013. Fjórir hafa lokið doktorsnámi frá skólanum, þar af einn með sameiginlega gráðu frá Háskóla Íslands. Á mynd 9 má sjá fjölda brautskráðra doktora við íslenska háskóla frá árinu 2009. Í heild brautskráðust 86 doktorar frá íslenskum háskólum árið 2014³ og hafa þeir aldrei verið fleiri á einu ári.“

Mynd 1: Brautskráðir doktorar við íslenska háskóla 2009-2014 (heimild: mennta- og menningarmálaráðuneytið)



2.3.5 Ákvæði til bráðabirgða

¹ Árið 2014 brautskráðist einn nemandi með sameiginlega gráðu frá HÍ og LBHÍ. Í mynd 70 er því fjöldi doktora frá HÍ 81,5 og LBHÍ 2,5.

² Kristín Aðalsteinsdóttir, 2007.

³ HÍ 81,5, LBHÍ 2,5 og HR 2. „

Orðalagi greinar 2.3.5 er breytt þannig að ljóst sé að námsmenn njóti réttar varðandi námslengd í samræmi við þær reglur sem voru í gildi þegar þeir hófu nám.

2.3.6 Fimm og tíu ára reglurnar

Lagt er til að greinin falli brott, þar sem hún á ekki við lengur.

2.4.1 Almenn

Þegar ákveðið var á sínum tíma að bæta 44 ECTS-eininga undanþáguni inn í úthlutunarreglur samhliða hækkun lágmarksframvindu úr 18 ECTS-einingum í 22 ECTS einingar var það gert með það að leiðarljósi að koma til móts við námsmenn sem náðu ekki tilætluðum námsárangri á einni önn. Þannig myndi til dæmis námsmaður sem skilar fullum námsárangri á öðru misseri skólaárs en undir 22 ECTS-einingum á hinu misserinu geta fengið lán fyrir öllum loknum einingum svo fremi sem heildarnámsárangur væri a.m.k. 44 ECTS-einingar.

Það þótti þörf á að hnykkja betur á því að undanþágan væri ekki ætluð þeim sem þreyttu ekki próf sem næmi lágmarksnámsframvindu. Hins vegar er ekki verið að gera þá kröfu að námsmenn sem nýta sér svigrúm skv. greinum 2.4.4, 2.4.5 og 2.4.6 séu skráðir í 22 ECTS-einingar eða meira til loka annar.

2.4.4 Barneignir

Þær breytingar sem gerðar voru á greininni á síðasta skólaári höfðu það að markmiði að þeir sem kæmu beint af vinnumarkaði gætu ekki hafið nám og strax fengið barneignasvigrúmið á fyrstu önninni. Hins vegar var ekki ætlunin með þeim breytingum að þrengja að öðru leyti að námsmönnum sem eignast barn í námi eins og túlka mátti greinina eftir breytingar og því er bætt aftur inn skilyrðinu um að námsmaður þurfi að hafa skilað fullnægjandi námsárangri á síðustu 12 mánuðum. Þá er bætt við að námsmanni sé heimilt að nýta sér þetta svigrúm fram að 12 mánaða aldri barns í stað þess að miða við 2 annir eftir fæðingu barns. Er sú breyting gerð til að það hafi engin áhrif á svigrúm námsmanns til að nýta undanþáguna, hvenær ársins barn er fætt.

2.4.5 Örorka

Tekið er út að sækja þurfi sérstaklega um undanþágu samkvæmt þessari grein til **stjórnar** sjóðsins heldur einungis til sjóðsins sbr. umsókn um aðrar undanþágur á úthlutunarreglunum.

2.4.6 Lesblinda og aðrir sértækir námsörðugleikar

Tekið er út að sækja þurfi sérstaklega um undanþágu samkvæmt þessari grein til **stjórnar** sjóðsins heldur einungis til sjóðsins sbr. umsókn um aðrar undanþágur á úthlutunarreglunum og gr. 2.4.5.

3. Kafli – Grunnframfærsla og tekjur

3.1 Grunnframfærsla

Lagt er til að hækka það hlutfall framfærslu sem LÍN lánar úr 90% í 93%. Áætlaður kostnaður við þá breytingu er um 495 m.kr., þar af 354 m.kr. vegna námsmanna á Íslandi og 150 m.kr. vegna námsmanna erlendis. Jafnframt er lagt til að gerðar verði breytingar á viðbótarlánnum vegna húsnæðis á Íslandi sem leiða til 140 m.kr. lækkunar á útgjöldum sjóðsins (sjá nánari umfjöllun í kafla 4.2). Þá er gert ráð fyrir verðlagshækkunum vegna námsmanna á Íslandi sem nema 515 m.kr. en 45 m.kr. erlendis.

Áfram er haldið með boðaðar breytingar á framfærslu erlendis, þannig að framfærsla lækkar um allt að 20% í tilteknum löndum. Samtals nemur lækkun á útgjöldum vegna þessara breytinga um 295 m.kr. Þessu til viðbótar koma verðlagshækkunir- eða lækkunir. Gert er ráð fyrir að verðlagsbreytingar vegna framfærslu erlendis nemi alls um 45 m.kr. eins og áður sagði.

Meðfylgjandi tafla sýnir þau lönd þar sem framfærslan verður lækkuð fyrir skólaárið 2016-2017 (gul merkt) og þau lönd þar sem framfærslan verður einnig lækkuð fyrir skólaárið 2017-2018 (rauð merkt).

Land	Mynt	Grunn- framfærsla LÍN 2014-2015	Hlutfallsleg lækkun á námsári			Tillaga um framfærslu eftir lækkun á hverju námsári í mynt		
			2015	2016	2017	2015	2016	2017
Danmörk	DKK	9.179	-10,0%	-20,0%	-4,8%	8.261	6.425	5.986
Árhus	DKK	9.179	-10,0%	-20,0%	-6,1%	8.261	6.425	5.864
Kaupmannahöfn	DKK	9.179	-3,1%	0,0%	0,0%	8.893	8.893	8.893
Óðinsvé	DKK	9.179	-10,0%	-20,0%	-0,9%	8.261	6.425	6.340
Finnland	EUR	1.105	-10,0%	-11,8%	0,0%	995	864	864
Noregur	NOK	9.342	-1,1%	0,0%	0,0%	9.241	9.241	9.241
Svíþjóð	SEK	9.979	-10,0%	-8,0%	0,0%	8.981	8.186	8.186
Austurríki	EUR	1.660	-10,0%	-20,0%	-17,4%	1.494	1.162	873
Belgía	EUR	1.157	-4,7%	0,0%	0,0%	1.103	1.103	1.103
Bosnía	EUR	1.136	-10,0%	-20,0%	-10,6%	1.022	795	675
Eistland	EUR	1.135	-10,0%	-20,0%	-25,7%	1.022	795	503
England	GBP	1.122	-10,0%	-0,6%	0,0%	1.010	1.003	1.003
London	GBP	1.247	-2,7%	0,0%	0,0%	1.213	1.213	1.213
Norður-Írland	GBP	1.122	2,5%	0,0%	0,0%	1.150	1.150	1.150
Skotland	GBP	1.122	-10,0%	-11,9%	0,0%	1.010	876	876
Wales	GBP	1.122	-10,0%	-20,0%	-2,9%	1.010	785	753
Frakkland	EUR	1.239	-10,0%	-20,0%	-3,7%	1.115	867	822
Paris	EUR	1.362	-9,3%	0,0%	0,0%	1.235	1.235	1.235
Grikkland	EUR	1.346	-10,0%	-20,0%	-27,8%	1.211	942	568

Holland	EUR	1.210	-10,0%	-8,7%	0,0%	1.089	984	984
Amsterdam	EUR	1.210	-10,0%	-5,0%	0,0%	1.089	1.028	1.028
Írská lýðveldið	EUR	1.332	1,7%	0,0%	0,0%	1.355	1.355	1.355
Ítalía	EUR	1.409	-10,0%	-20,0%	-14,3%	1.268	986	785
Mílanó	EUR	1.409	-9,4%	0,0%	0,0%	1.277	1.277	1.277
Róm	EUR	1.409	12,8%	0,0%	0,0%	1.590	1.590	1.590
Kósóvó	EUR	1.044	-3,0%	0,0%	0,0%	1.013	1.013	1.013
Króatía	EUR	1.070	-10,0%	-20,0%	-24,9%	963	749	483
Kýpur	EUR	1.085	-10,0%	-17,2%	0,0%	977	790	790
Lettland	EUR	1.103	-10,0%	-7,0%	0,0%	993	916	916
Litháen	EUR	1.103	-10,0%	-20,0%	-29,1%	993	772	451
Lúxemborg	EUR	1.318	-10,0%	-10,9%	0,0%	1.186	1.043	1.043
Malta	EUR	1.202	-10,0%	-17,1%	0,0%	1.082	876	876
Mexíkó	USD	1.812	-10,0%	-20,0%	-23,8%	1.631	1.268	837
Mónakó	EUR	1.239	13,6%	0,0%	0,0%	1.408	1.408	1.408
Portúgal	EUR	924	-10,0%	-20,0%	-22,4%	832	647	440
Pólland	EUR	1.103	-10,0%	-20,0%	-37,9%	993	772	354
Rússland	EUR	1.199	-10,0%	-20,0%	-20,4%	1.079	839	595
Serbía	EUR	1.070	-10,0%	-20,0%	-9,3%	963	749	650
Slóvakía	EUR	1.070	-10,0%	-20,0%	-33,7%	963	749	388
Slóvenía	EUR	1.070	-10,0%	-20,0%	-23,1%	963	749	502
Spánn	EUR	1.229	-10,0%	-15,5%	0,0%	1.106	915	915
Sviss	CHF	2.655	-10,0%	-20,0%	-0,8%	2.390	1.859	1.838
Tékkland	EUR	1.125	-10,0%	-20,0%	-5,6%	1.013	788	725
Tyrkland	EUR	1.149	-10,0%	-20,0%	-16,0%	1.034	804	620
Ungverjaland	EUR	1.370	-10,0%	-19,0%	0,0%	1.233	973	973
Þýskaland	EUR	1.170	-10,0%	-20,0%	-8,1%	1.053	819	724
München	EUR	1.285	-10,0%	-20,0%	-1,8%	1.157	900	877
Bandaríkin A	USD	2.033	3,2%	0,0%	0,0%	2.099	2.099	2.099
Bandaríkin B	USD	1.800	-10,0%	-10,8%	0,0%	1.620	1.426	1.426
Kanada A	CAD	1.776	-10,0%	-1,8%	0,0%	1.598	1.567	1.567
Kanada B	CAD	1.776	-10,0%	-20,0%	-7,0%	1.598	1.243	1.118
Brasilía	USD	1.311	-10,0%	-20,0%	-7,1%	1.180	918	824
Ekvador	USD	1.209	-10,0%	-7,5%	0,0%	1.088	998	998
Perú	USD	1.378	-10,0%	-3,4%	0,0%	1.240	1.193	1.193
Síle	USD	1.076	29,7%	0,0%	0,0%	1.396	1.396	1.396
Filippseyjar	USD	1.129	-10,0%	-20,0%	-26,8%	1.016	790	488
Íran	USD	1.169	-10,0%	-20,0%	-3,3%	1.052	818	780
Ísrael	EUR	1.095	-0,3%	0,0%	0,0%	1.092	1.092	1.092
Japan	JPY	200.352	-10,0%	-20,0%	-7,7%	180.317	140.246	124.801
Tokyo	JPY	200.352	-10,0%	-15,9%	0,0%	180.317	148.401	148.401
Kína	USD	1.388	-10,0%	-20,0%	-4,4%	1.249	972	910
Malasía	USD	1.443	-10,0%	-20,0%	-16,2%	1.299	1.010	776
Sam. arabísku fur.	USD	1.494	47,3%	0,0%	0,0%	2.201	2.201	2.201
Singapúr	USD	1.593	-10,0%	-20,0%	-4,3%	1.434	1.115	1.046
Suður-Kórea	USD	1.800	-10,0%	-20,0%	-5,1%	1.620	1.260	1.168

Tæland	EUR	924	19,6%	0,0%	0,0%	1.105	1.105	1.105
Ástralía	AUD	2.067	-7,7%	0,0%	0,0%	1.907	1.907	1.907
Nýja-Sjáláland	AUD	1.873	-10,0%	-16,8%	0,0%	1.686	1.371	1.371

Hækkun á því hlutfalli sem LÍN lánaþ.e. úr 90% í 93% felur í sér að allir námsmenn hagnast þar sem framlag námsmanna til framfærslu af sumarvinnu minnkar, en áfram er gert ráð fyrir að frítekjumark verði 930 þús.kr. Þetta er mikilvægt skref í þá átt að lánaþjóðurinn láni að fullu fyrir 9 mánaða framfærslu sem er liður í því að hvetja námsmenn til að auka framvindu í námi og klára fyrr nám sitt. Þessi breyting er þess eðlis, eins og áður sagði, að allir námsmenn hagnast af henni, einkum þeir sem ekki ná frítekjumarkinu, svo sem námsmenn erlendis sem að öllu jöfnu hafa lægri tekjur en námsmenn á Íslandi.

Í síðustu úthlutunarreglum var fyrsta skrefið stigið í þessa átt þegar hlutfallið var hækkað úr 81% í 90%. Í þessari breytingu felst að dregið er úr kröfum um að námsmenn afli sér tiltekinna tekna yfir árið og hluti þeirra tekna reiknist inn í framfærslu þeirra yfir skólaárið. Engar breytingar eru lagðar til á frítekjumarki á þessu stigi né á skerðingar hlutfalli. Það er hins vegar full ástæða til að skoða það, verði haldið áfram með breytingar í þessa átt, hvort samhliða kunni að vera rétt að hækka skerðingarhlutfallið.

Eins og áður sagði geta námsmenn líkt og árið áður unnið fyrir kr. 930.000 í árstekjur án þess að til tekjuskerðingar komi (frítekjumark). En þá er jafnframt gert ráð fyrir að ráðstöfunartekjur námsmanns standi undir 7% af framfærsluþörf námsmanns á námstíma (vetrarmánuðina) en á síðasta skólaári var miðað við að tekjur stæðu undir 10% af framfærsluþörf. Forsenda þess að hækka það hlutfall sem LÍN lánaþ af framfærsluviðmiði námsmanna úr 90% í 93% er að farið verði í allar þær breytingar sem gerðar eru á úthlutunarreglunum sem fela í sér lækkun á kostnaði þ.e. lækkun á framfærslu erlendis, lækkun á viðmiði sem lánað er til húsnæðis og að hámarks einingarfjöldi sem LÍN lánaþ fyrir verði lækkaður úr 540 ECTS-einingum niður í 480 ECTS-einingar.

3.3.2 Komið úr námshléi

Einungis verið að hnykkja á því að um sé að ræða námsmenn sem eru að koma úr námshléi. Námsmenn sem eru að koma úr ólánshæfu framhalds- eða menntaskólanámi eiga því ekki rétt á þreföldu frítekjumarki. Námsmenn sem eru í umfangslitlum námskeiðum eða mjög litlu námi myndu þó áfram eiga rétt á þreföldu frítekjumarki hefji þeir lánshæft nám.

IV. Kafli – Lánaþlokkar

4.2 Lán með tilliti til húsnæði

Lagðar voru til grundvallarbreytingar á viðbótarlánnum vegna húsnæðiskostnaðar í úthlutunarreglum 2015-2016 með það að markmiði að viðbótarlán vegna húsnæðiskostnaðar taki betur mið af fjölskylduhögum og öðrum aðstæðum námsmanns og endurspegladi betur raunverulega framfærsluþörf mismunandi hópa námsmanna miðað við búsetuform og

fjölskyldustærð. Viðbótarlánnum vegna húsnæðiskostnaðar námsmanna sem eru í eigin húsnæði/leiguhúsnæði var skipt í sex flokka:

- i. Námsmaður (einhleypur)
- ii. Námsmaður í sambúð/hjúskap
- iii. Námsmaður í sambúð/hjúskap, eitt barn
- iv. Námsmaður í sambúð/hjúskap, tvö börn eða fleiri
- v. Einstætt foreldri, eitt barn
- vi. Einstætt foreldri, tvö börn eða fleiri

Viðmið fyrir lán til húsnæðiskostnaðar fyrir skólaárið 2015-2016 var eftirfarandi:

Húsnæði:	Á mán. (kr.)
i. Námsmaður (einhleypur)	75.000
ii. Námsmaður í sambúð/hjúskap	106.000
iii. Námsmaður í sambúð/hjúskap, eitt barn	124.000
iv. Námsmaður í sambúð/hjúskap, tvö eða fleiri börn	134.000
v. Einstætt foreldri, eitt barn	124.000
vi. Einstætt foreldri, fleiri en eitt barn	134.000

Við ákvörðun varðandi viðmið á húsnæðiskostnaði var horft til leiguverðs á námsmannaíbúðum, þ.e. á einstaklings-, par- og fjölskylduhúsnæði hjá Félagsstofnun stúdenta, sem og leigu á almennum markaði. Í þeim tilvikum þar sem um sambúð eða hjúskap er að ræða var gert ráð fyrir að báðir sambúðaraðilar standi jafnt að húsnæðiskostnaði.

Hér fyrir neðan eru upplýsingar um húsaleigu hjá Félagsstofnun stúdenta miðað við leiguverð í október 2015. Þá er jafnframt sýnt hver leigan væri hjá Félagsstofnun stúdenta ef leiguverðið á fermetra væri reiknað upp miðað við meðalstærð á markaði. Það framreiknaða leiguverð er einungis til upplýsinga en er ekki að öðru leyti nýtt í samanburði á leiguverðum hér á eftir.

	Ferm.	Ferm.	Leiga á mán.	Kostn. pr. fm.	Verð miðað við 60 fm.	Verð miðað við 80 fm.
Ásgarðar						
1 herbergi	36 fm	36	78.981	2.194		
1 herbergi	35 fm	35	79.057	2.259		
3 herbergi	76 fm	76	114.121	1.502		120.127
3 herbergi	84 fm	84	120.250	1.432		114.524
2 herbergi	58 fm	58	92.293	1.591	95.476	
1 herbergi	29 fm	29	52.524	1.811		
1 herbergi	29 fm	29	55.665	1.919		
Gamlí garður						
1 herbergi	12 fm*	12	62.255	5.188		
Hjónagarðar						
2 herbergi	44,6 fm	44,6	85.356	1.914	114.829	
3 herbergi	64,7 fm	64,7	112.806	1.744		139.482
Oddagarðar						
1 herbergi	19,2 fm	19,2	73.110	3.808		
1 herbergi	33 m2	33	81.637	2.474		

2 herbergi	45 fm	45	107.423	2.387	143.231	190.974
Skerjagarðar						
1 herbergi	29 fm	29	75.021	2.587		
Skógargarðar						
2 herbergi	60 fm	60	106.918	1.782	106.918	
3 herbergi	71,7 fm	71,7	125.769	1.754		140.328
3 herbergi	76,2 fm	76,2	133.043	1.746		139.678
Skuggagarðar						
1 herbergi	38,8 fm	38,8	89.139	2.297		
4 herbergi	90 fm	90	127.040	1.412		
3 herbergi	87,4 fm	87,4	121.296	1.388		111.026
1 herbergi	39,1 fm	39,1	55.155	1.411		
Vetrargarðar						
2 herbergi	50 fm	50	96.015	1.920	115.218	
3 herbergi	60 fm	60	114.559	1.909		152.745
3 herbergi	63 fm	63	116.699	1.852		148.189
3 herbergi	58 fm	58	110.590	1.907		152.538
4 herbergi	100 fm	100	141.552	1.416		

* Leiga með húsgögnum

Í eftirfarandi töflum er tekin saman meðalleiga fyrir mismunandi stórar íbúðir á höfuðborgarsvæðinu. Upplýsingarnar eru fengnar frá Hagstofu Íslands sem birtir upplýsingar um leigu á fermetra og meðalstærð íbúðar innan hvers flokks. Eru upplýsingarnar byggðar á leigusamningum á árinu 2014.

Meðalleiga á almennum markaði fyrir þriggja herbergja íbúð er um 151 þús.kr. Leiga á stúdentagörðunum er ekki flokkuð með þegar reiknuð er út hver meðalleigan er á almennum markaði. Í Grafarvoginum er leigan hæst eða um 159 þús.kr. á (meðalstærð íbúðar 91 fm.), í Reykjavík-vestur er leigan 154 þús.kr. (meðalstærð íbúðar 76 fm.) en meðalleiga í Stúdentagörðunum er hins vegar um 119 þús.kr. (71 fm.). Lægsta leiguverðið er á hjónagörðum fyrir 3 ja herbergja íbúð.

3 herbergja - leiguverð

GRAFARV., GRAFARH., ARBÆR, NORÐL H. OG...	159.881
GARÐAB., HAFNARFJ. OG ÁLFATAN	156.935
BREIÐHOLT	153.987
RVÍK, VEST. KRINGLUM, BR. OG SELT NES	153.987
MEDALLEIGA Á MARKAÐI	150.869
KÓPAVOGUR	147.894
RVÍK MILLI KRINGLUM, BR. OG REYKJAN BR.	140.282
SKÓGARGARÐAR	129.406
SKUGGAGARÐAR	121.296
STÚDENTAGARÐAR-MEDALLEIGA	118.793
ÁSGARÐAR	117.186
VETRARGARÐAR	113.949
HJÓNAGARÐAR	112.806

Fyrir tveggja herbergja íbúð, er leiguverðið hæst í Grafarvogi eða um 130 þús.kr., meðalleiga á markaði 120 þús.kr. (leiga á stúdentagörðunum ekki meðtalin) og meðalleigan á Stúdentagörðunum um 98 þús.kr.

2 herbergja -leiguverð

GRAFARV., GRAFARH., ARBÆR, NORÐL H. OG...	130.594
RVÍK, VEST. KRINGLUM, BR. OG SELT NES	127.317
GARÐAB., HAFNARFJ. OG ÁLFATAN	127.010
KÓPAVOGUR	124.311
MEDALLEIGA Á MARKAÐI	120.012
RVÍK MILLI KRINGLUM, BR. OG REYKJAN BR.	120.012
BREIÐHOLT	116.491
ODDAGARÐAR	107.423
SKOGARGARÐAR	106.918
STÚDENTAGARÐAR-MEDALLEIGA	97.601
VETRARGARÐAR	96.015
ÁSGARÐAR	92.293
HJÓNAGARÐAR	85.356

Meðalverð fyrir einstaklingsíbúð/stúdíó-íbúð á Stúdentagörðunum er rétt rúmlega 71 þús.kr. en 99 þús.kr. í Reykavík-vest og meðalleiga á markaði (leiga á stúdentagörðunum ekki meðtalin) um 94 þús.kr.

Stúdíó íbúð - leiguverð

RVÍK, VEST. KRINGLUM BR. OG SELT NES	99.025
GRAFARV., GRAFARH., ÁRBÆR, NORÐL.H. OG...	94.967
GARÐAB., HAFNARFJ. OG ÁLFTAN.	94.477
BREIÐHOLT	94.233
MEDALLEIGA Á MARKADI	93.743
KÖPAVOGUR	91.584
SKUGGAGARÐAR	89.139
RVÍK MILLI KRINGLUM, BR. OG REYKJAN BR.	88.171
ODDAGARÐAR	77.374
SKERJAGARÐAR	75.021
STÚDENTAGARÐAR-MEDALLEIGA	71.143
ÁSGARÐAR	66.557

Húsaleiga á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 0,8% fyrstu þrjá mánuði ársins 2015. Síðustu 12 mánuði þar á undan hækkaði húsaleigan um 9,1% en á sama tíma hækkaði kaupverð fasteigna í fjölbýlishúsum um 11,6%. Ef hins vegar eru bornar saman hækkanir á húsaleigu og kaupverði frá því janúar 2011 til mars 2015 þá hefur húsaleiga hækkað um 41% á þessu tímabili en kaupverð íbúða um 42%. Af þessu sést að hækkun húsaleigu og hækkun á kaupverði fasteigna hefur haldist í hendur á höfuðborgarsvæðinu. Sú þróun hefur verið á leigumarkaði að fjárfestar leita meira inn á fasteigna- og leigumarkaðinn í leit að ávöxtun og hefur leigufélögum fjölgað og því er eiginleg leigustarfsemi orðin formlegri en áður var. (Hagfræðideild LÍ)

Hér fyrir neðan er samanburður á leigu á fermetra á Stúdentagörðunum fyrir 3 ja herbergja íbúð annars vegar og hins vegar á almennum markaði. Leiguverð í Reykjavík vestur er dýrast eða 2.036 kr. á fermetra en ódýrast í Skuggagörðunum eða 1.388 kr. á fm. Meðalleiga á fermetra á markaði er hins vegar kr. 1.784 kr.

3 herbergja - verð pr. fm.

RVÍK, VEST, KRINGLUM, BR OG SELT NES	2.036
VETRARGARÐAR	1.889
RVÍK MILLI KRINGLUM, BR. OG REYKJAN, BR.	1.817
MEDALLEIGA Á MARKADI	1.799
KÓPAVOGUR	1.759
SKÓGARGARÐAR	1.750
HIÓNAGARÐAR	1.744
GRAFARV., GRAFARH., ÁRBÆR, ...	1.730
STÚDENTAGARÐAR-MEDALLEIGA	1.716
BREIDHOLT	1.683
GARÐAB, HAFNARFJ OG ÁLFTAN	1.677
ÁSGARÐAR	1.467
SKUGGAGARÐAR	1.388

Hér fyrir neðan er sambærilegur samanburður á leiguverði á fermetra fyrir 2 ja herbergja íbúð og stúdíó íbúð.

2 herbergja - verð pr. fm.

ODDAGARÐAR	2.387
RVÍK, VEST, KRINGLUM, BR OG SELT NES	2.318
RVÍK MILLI KRINGLUM, BR. OG REYKJAN, BR.	2.094
MEDALLEIGA Á MARKADI	2.094
KÓPAVOGUR	2.019
GRAFARV., GRAFARH., ÁRBÆR, NORÐL.H. OG ...	2.000
GARÐAB, HAFNARFJ OG ÁLFTAN	1.951
VETRARGARÐAR	1.920
STÚDENTAGARÐAR-MEDALLEIGA	1.919
HIÓNAGARÐAR	1.914
BREIDHOLT	1.900
SKÓGARGARÐAR	1.782
ÁSGARÐAR	1.591

Stúdíó íbúð - verð pr. fm.

ODDAGARÐAR	3.141
RVÍK, VEST. KRINGLUM.BR. OG SELT.NES	2.821
GARÐAB., HAFNARFJ. OG ÁLFTAN.	2.667
RVÍK MILLI KRINGLUM, BR. OG REYKJAN BR.	2.596
SKERJAGARÐAR	2.587
MEDALLEIGA Á MARKAÐI	2.508
KÖPAVOGUR	2.423
GRAFARV., GRAFARH., ÁRBÆR, NORÐL.H. OG...	2.398
STÚDENTAGARÐAR-MEDALLEIGA	2.307
BREIÐHOLT	2.144
ÁSGARÐAR	2.046
SKUGGAGARÐAR	1.854

Á vef velferðarráðuneytisins kemur fram að grunnfjárhæð húsaleigubóta á hverja íbúð er kr. 17.500 á mánuði. Viðbætur vegna barna er kr. 14.000 á mánuði vegna fyrsta barns og kr. 8.500 vegna annars barns og kr. 5.500 vegna þriðja barns. Börnin þurfa að hafa lögheimili í hinu leigða húsnæði. Að auki koma 15% þess hluta leigufjárhæðar sem liggur á bilinu 20.000 – 50.000. Húsaleigubætur barnlausra geta að hámarki numið kr. 22.000 á mánuði og kr. 36.000 á mánuði ef eitt barn er á heimili, kr. 44.500 ef tvö börn eru á heimili og kr. 50.000 ef þrjú börn eða fleiri eru í heimili. Húsaleigubæturnar geta þó aldrei verið hærri en 50% af leigufjárhæð.

Á Alþingi liggur fyrir frumvarp velferðarráðherra um húsaleigubætur. Helstu breytingar sem boðaðar eru á fyrirkomulagi húsaleigubóta eru þær að grunnfjárhæðir bóta miðast við fjölda heimilsmanna. Þá fá báðir foreldrar barns sem ekki búa saman húsaleigubætur svo fremi sem barnið dvelji hjá foreldri eða forsjáraðilanum í lágmarki 30 daga á ári samkvæmt samningi um umgengni sem sýslumaðurinn hefur staðfest. Að hámarki geta bætur numið 75% af leiguverði. Gert er ráð fyrir að frumvarpið taki gildi frá 1. janúar 2016 og verði það að lögum munu bætur hækka til allra hópa og greiðsla bóta verða í höndum ríkisins en ekki sveitarfélaga líkt og verið hefur.

Í töflu hér að neðan er tekin saman leiga á mismunandi stöðum á höfuðborgarsvæðinu til samanburðar við leigu á Stúdentagörðunum (þ.e. meðalleiguverð innan hvers flokks) og meðalleigu á markaði í samanburði við viðbótarlán fyrir húsnæði hjá LÍN og mögulegar húsaleigubætur.

	Námsm. (einh.)	Námsm. í samb.	Námsm. í samb. + 1 barn	Námsm. í sambúð + 2 börn	Einstætt foreldri + 1 barn	Einstætt foreldri 2+ börn
	Stúdíó	2 herb.	2 herb.	3 herb.	2 herb.	3 herb.
Framfærsla LÍN v. húsnæðis 2015-2016	75.000	106.000	124.000	134.000	124.000	134.000
Leiga: (meðalverð)						
Stúdentagarðar	70.250	97.601	97.601	118.793	97.601	118.793
Reykjavík - vestur	99.025	127.317	127.317	153.987	127.317	153.987
Reykjavík milli Kringlum.og Reykjanes	88.171	120.012	120.012	147.894	120.012	147.894
Breiðholt	94.233	116.491	116.491	153.987	116.491	153.987

G. bær, Hafnarfj.	94.477	127.010	127.010	156.935	127.010	156.935
Kopavogur	91.584	124.311	125.000	147.894	124.311	124.311
Grafarvogur, Grafarholt	94.967	130.594	130.594	159.881	130.594	159.594
Meðalverð á markaði	93.743	124.289	124.404	153.430	124.289	149.451
Húsaleigubætur: *						
Húsaleigubætur	22.000	22.000	36.000	44.500	36.000 **	44.500 **
Vöntun miðað við:						
Án húsaleigubóta lægsta leiguverð (Stúd.g.)	4.750	8.399	26.399	15.207	26.399	15.207
Án húsaleigubóta meðalverð á markaði	-18.743	-18.289	-404	-19.430	-289	-15.451
Án húsaleigubóta hæsta leiguverð	-24.025	-24.594	-6.594	-25.881	-6.594	-25.594
Lægsta leiguverð (Stúd.g.) og húsaleigubætur	26.750	30.399	62.399	59.707	62.399	59.707
Meðalverð á markaði og húsaleigubætur	3.257	3.711	35.596	25.070	35.711	29.049
Hæsta verð og húsaleigubætur	-2.025	-2.594	29.406	18.619	29.406	18.906

* ekki tekið tillit til tekjuskerðingar

** kemur ekki fram á vef velf.r. hvort einstæðir foreldrar fá hærri bætur

Eins og sést í töflu þá dugar grunnviðmið LÍN vegna húsnæðiskostnaðar í öllum tilvikum ef miðað er við leigu á Stúdentagörðunum en ekki ef miðað er við meðalverð á markaði án húsaleigubóta. Vantar þar frá 0 til 19 þúsund á mánuði. Ef hins vegar er tekið tillit til húsaleigubóta þá er lán vegna leigukostnaðar verulega umfram þörf sé leigt á Stúdentagörðunum og er hæst lánað umfram þörf til einstæðs foreldris og námsmanna í sambúð með eitt barn á framfæri eða kr. 62.399 á mánuði. Sé miðað við meðalverð á markaði (leiga á stúdentagörðunum ekki meðtalin) og húsaleigubætur þá dugar viðbótarlán vegna húsnæðis fyrir alla stúdentahópa nema einhleypan námsmann og barnlausa námsmenn í sambúð. Á mánuði vantar þessa tvo hópa kr. 789-1.243 á mánuði. Allir hinir hóparnir eru með lán umfram áætlaða húsnæðisþörf á bilinu 24 – 43 þúsund á mánuði. Samanburðurinn er erfiðari vegna hins hefðbundna námsmanns sem leigir einstaklingsíbúð eða herbergi. Þar dugar viðbótarlán LÍN vegna húsnæðis. Hins vegar er fjöldi lítilla stúdío-íbúða ekki mikill á markaðnum. Stúdío-íbúðir eru 13% af fjölda 2 herbergja íbúða í Reykjavík vestur. Þá hefur jafnframt fjöldi þessa íbúða fækkað um 42% á milli ára þessu svæði. Inn í tölugrunn Hagstofunnar vantar upplýsingar á leigu á einstaklingsherbergjum sem stúdentar leigja. Ætla má að leiga á þeim sé öllu lægri en leiga á stúdío-íbúðum sem jafnframt eru stærri í fermetrum og ekki fást húsaleigubætur fyrir þann hóp.

Eins og áður sagði voru gerðar þær breytingar á framfærslugrunninum á síðasta ári að viðbótarlán LÍN vegna húsnæðiskostnaðar voru flokkuð niður á mismunandi hópa eftir fjölskylduaðstæðum og tekið mið af leiguverði Félagstofnunar stúdenta og leiguverði á markaði. Ekki var tekið tillit til húsaleigubóta þegar þessar breytingar voru gerðar. Rétt þykir hins vegar að taka tillit til þeirra með einhverjum hætti einkum þar sem töluverður munur er á bótum eftir því hvaða fjölskylduaðstæður námsmenn búa við.

Í úthlutunarreglum fyrir 2016 – 2017 er lagt til að gerðar verði breytingar á viðbótarláni vegna húsnæðis til að jafna stöðuna milli ólíkra hópa námsmanna. Þetta þýðir að lítilsháttar hækkun verður á viðbótarláni vegna húsnæðis hjá einhleyfum (kr. 1.000). Aðrir hópar lækka um ýmist kr. 10.000 eða kr. 20.000. Engar breytingar verða hjá barnlausum námsmönnum í sambúð.

Í töflunni hér að neðan sést hver viðbótarlán LÍN vegna húsaleigukostnaðar verða við þessa breytingu.

	Námism. (einhl.)	Námism. í samb.	Námism. í samb. + 1 barn	Námism. í sambúð + 2 börn	Einstætt foreldri + 1 barn	Einstætt foreldri 2+ börn
	Stúdíó	2 herb.	2 herb.	3 herb.	2 herb.	3 herb.
<i>Framfærsla LÍN v. húsnæðis 2014-2015</i>	75.000	106.000	124.000	134.000	124.000	134.000
<i>Framfærsla LÍN v. húsnæðis 2015-2016</i>	75.000	106.000	104.000	124.000	104.000	124.000
Breyting:	0	0	-20.000	-10.000	-20.000	-10.000
Vöntun miðað við:						
Án húsaleigubóta lægsta leiguverð (Stúd.g.)	4.750	8.399	6.399	5.207	6.399	5.207
Án húsaleigubóta meðalverð á markaði	18.743	-18.289	-20.404	-29.430	-20.289	-25.451
Án húsaleigubóta hæsta leiguverð	-24.025	-24.594	-26.594	-35.881	-26.594	-35.594
Lægsta leiguverð (Stúd.g.) og húsaleigubætur	26.750	30.399	42.399	49.707	42.399	49.707
Meðalverð á markaði og húsaleigubætur	3.257	3.711	15.596	15.070	15.711	19.049
Hæsta leiguverð og húsaleigubætur	-2.025	-2.594	9.406	8.619	9.406	8.906

	Námism. (einhl.)	Námism. í samb.	Námism. í samb. + 1 barn	Námism. í sambúð + 2 börn	Einstætt foreldri + 1 barn	Einstætt foreldri 2+ börn
	Stúdíó	2 herb.	2 herb.	3 herb.	2 herb.	3 herb.
<i>Framfærsla LÍN v. húsnæðis 2014-2015</i>	75.000	106.000	124.000	134.000	124.000	134.000
<i>Framfærsla LÍN v. húsnæðis 2015-2016</i>	76.000	106.000	104.000	124.000	104.000	124.000
Breyting:	1.000	0	-20.000	-10.000	-20.000	-10.000
Vöntun miðað við:						
Án húsaleigubóta lægsta leiguverð (Stúd.g.)	5.750	8.399	6.399	5.207	6.399	5.207
Án húsaleigubóta meðalverð á markaði	-17.743	-18.289	-20.404	-29.430	-20.289	-25.451
Án húsaleigubóta hæsta leiguverð	-23.025	-24.594	-26.594	-35.881	-26.594	-35.594
Lægsta leiguverð (Stúd.g.) og lágmarksbætur	23.250	25.899	42.399	49.707	42.399	49.707
Lægsta leiguverð (Stúd.g.) og hámarksbætur	23.250	25.899	42.399	49.707	42.399	49.707
Meðalverð á markaði og lágmarksbætur	-243	-789	15.596	15.070	15.711	19.049
Meðalverð á markaði og hámarksbætur	-243	-789	15.596	15.070	15.711	19.049
Hæsta leiguverð og lágmarksbætur	-5.525	-7.094	9.406	8.619	9.406	8.906
Hæsta verð og hámarks bætur	-5.525	-7.094	9.406	8.619	9.406	8.906

Viðmið vegna húsnæðis fyrir skólaárið 2016-2017 verður því eftirfarandi:

Húsnæði:	Á mán	Viðmið
	(kr.)	
i. Námsmaður (einhleypur)	75.600	1 herb./stúdíó
ii. Námsmaður í sambúð/hjúskap	106.000	2 herb.
iii. Námsmaður í sambúð/hjúskap, eitt barn	10.080	2 herb.
iv. Námsmaður í sambúð/hjúskap, tvö eða fleiri börn	124.480	3 herb.
v. Einstætt foreldri, eitt barn	106.080	2 herb.
vi. Einstætt foreldri, fleiri en eitt barn	126.480	3 herb.

Lækkun á kostnaði við þessar breytingar nemur alls um 140 m.kr. á ári.

Frumvarp um breytingar á húsaleigubótum liggur fyrir á Alþingi og mun Tryggingastofnun ríkisins sjá um að framfylgja því verði það að lögum. Greiddar verða húsaleigubætur til námsmanna sem og annarra á grundvelli þinglýstra leigusamninga, og á grundvelli leigusamninga þar sem leigusali er stúdentasamtök, sveitarfélög eða aðrir opinberir aðilar. Þá er gert ráð fyrir samvinnu við sýslumannsembættin eða Hagstofuna við skráningu á þinglýstum samningum þannig að auðveldara verði að fá upplýsingar um leigutaka, leigusala og upphæð leigu. Mun LÍN verða aðili að þessari samvinnu. Stefnt er að því að þegar þessi lagabreyting verður að lögum þá muni sjóðurinn geta byggt á þeim upplýsingum sem fást í samvinnu með Tryggingastofnun, Hagstofuna og sýslumannsembættin og viðbótarlán til húsnæðis verður eingöngu veitt á grundvelli þinglýsts leigusamnings eða leigu við einn af ofangreindum aðilum. Jafnframt er ætlunin að viðbótarlán vegna húsnæðis nemi raunverulegum leigugreiðslum að hámarki því viðbótarláni til húsaleigu sem gert er ráð fyrir í framfærslugrunni LÍN. Þangað til verði sami háttur hafður á og hingað til að námsmenn skili greiðslumiða vegna húsaleigu. Gert er ráð fyrir að þetta vinnulag sem hér er lýst nái fram að ganga í úthlutunarreglum 2017-2018.

4.5 Lán vegna skólagjalda

Í greinargerð með síðustu úthlutunarreglum var boðað að fram mundi fara sérstök skoðun á því hver raunverulegur kostnaður námsmanna er vegna skólagjalda erlendis og samhliða því yrði metið hvort rétt væri að LÍN mætti slíkum kostnaði sérstaklega væri um hann að ræða.

Haustið 2015 vann Analytica skýrslu þar sem metið var hlutfall námsmanna í hverju landi sem ekki fá lán að fullu fyrir skólagjöldum. Ennfremur er í skýrslunni lagt mat á meðaltal þeirrar fjárhæðar sem er umfram hámark lánveitinga frá LÍN, auk annarra ítarlegra greininga á skólagjaldalánum í tilteknum löndum og námsgreinum.

Í meðfylgjandi töflu má sjá samandregnar niðurstöður Analytica, byggðar á gögnum sjóðsins fyrir árin 2010 – 2014.

	Fjöldi yfir hámarki	Helldarfjöldi	Hlutfall	Meðaltal-yfir hámarki
INámsmenn erl.	720	2.098	25%	1.541.602
INámsmenn á Ísl.	373	3.775	10%	1.108.794
.Allir námsmenn	1.093	6.683	16%	1.418.147

Það er mat stjórnar LÍN að miðað við framangreindar niðurstöður sé ekki sérstök ástæða til að ráðast í hækkunir á skólagjaldalánum, enda ljóst að þau lán sem veitt eru duga námsmönnum í langflestum tilvikum. Takmörkuð rök standa til þess að LÍN láni að fullu til skólagjalda í allra dýrustu nám í heiminum. Þá er því beint til nefndar sem nú vinnur að endurskoðun á lögum um

lánasjóðinn að þar verði tekið til skoðunar hvort gera skuli aðrar kerfisbreytingar á skólagjaldalánum, svo sem möguleika á styrkjum, hvort ástæða sé til að þrengja reglur um skólagjaldalán vegna náms erlendis í samræmi m.a. við sjónarmið Ríkisendurskoðunar í skýrslu frá júní 2011.

Tekið er út úr reglunni að í fylgiskjali III komi fram heildarupphæð skólagjaldalána eftir námslöndum og námsborgum. Nú verður einungis miðað við námslönd enda er um sömu fjárhæðir að ræða. Í fylgiskjali III verða jafnframt teknar út þær námsborgir sem hafa verið sérstaklega nefndar hingað til.

V. Kafli – Umsóknir og útborgun lána

5.3.2 Skilyrði sem ábyrgðarmenn þurfa að uppfylla

Bætt var við þau skilyrði sem ábyrgðarmenn þurfa að uppfylla og er lagt til að hámarksaldur ábyrgðarmanns verði 50 ára nema ef um foreldra námsmanns er að ræða, þá er engin hámarksaldur. Einnig er þess nú krafist að ábyrgðarmaður undirgangist lánshæfismat Creditinfo. Nánari útfærsla verður í vinnureglum sjóðsins en gert verður ráð fyrir að ábyrgðarmaður þurfi að fá lánshæfiseinkunn á bilinu A-C en einstaklingar með D-E í einkunn væru ekki samþykktir sem ábyrgðarmenn.

Einnig var felld út ákvæði sem sagði til um hámarksábyrgðartíma bankaábyrgða í ljósi þess að sjóðurinn hefur hætt að veita lán með bankaábyrgðum.

5.3.3 Réttarstaða ábyrgðarmanna og endurkröfur

Í þriðju málsgrein er gerð breyting á orðalagi sem felur ekki í sér efnisbreytingu. Þar er einungis verið að hnykkja á því að ábyrgðarmaður getur greitt af námsláni og jafnframt haldið því í skilum, að því gefnu að lánið hafi ekki verið gjaldfellt, og einnig óskað eftir að greiðslur hans fari til lækkunar á þeim hluta heildarskuldar sem hann er ábyrgur fyrir hjá viðkomandi greiðanda.

5.3.4 Veðtrygging

Lagt er til að hámarks veðsetningarhlutfall verði hækkað úr 65% í 85% af fasteignamati/brunabótamati íbúðarhúsnæðis og úr 60% af söluverðmati í 80%. Breytingin er lögð fram til mótvægis við auknar kröfur til ábyrgðarmanna. Veð í fasteign er almennt mun betri trygging heldur en ábyrgð 3ja aðila jafnvel þótt veðsetningarhlutfall sé hærra.

5.8 Eftirlit með tekjum vegna síðasta námsárs

Hér er kaflaheiti breytt í: „Eftirlit með tekjum.“

5.8.2 Námsmenn á Norðurlöndum

Gerð var orðalagsbreyting á greininni og tekið út orðið „kontrolluppgift“

VI. Kafli - Samnorrænar reglur

Engar breytingar

VII. Kafli – Lokun skuldabréfs

7.2 Frestun á lokun skuldabréfs

Breyting gerð á orðalagi greinarinnar og bætt inn „fjórum sinnum eða“. Breytingin er gerð til skýringar á orðalagi.

7.3 Vafi um lokun skuldabréfs

Kaflinn er felldur brott og innihaldi ákvæðisins bætt aftan við grein 7.2.

VIII. Kafli – Lánskjör

8.3.2 Uppgreiðsla námslána

Uppgreiðsluafslætti og útreikningi á honum var breytt í síðustu úthlutunarreglum (2015-2016) á þann veg að uppgreiðsluafslátturinn var miðaður við daglánavexti Seðlabanka Íslands. Áður hafði reglan verið þannig að endurgreiðslutími og framtíðarafborganir námsmanns voru metnar út frá tekjum hans undanfarin 5 ár og afslátturinn reiknaður út frá kostnaðarlækkun sjóðsins vegna uppgreiðslunnar. Fól breytingin í sér verulega einföldun frá því kerfi auk þess sem fyrirsjáanleiki og skýrleiki reglnanna er mun meiri. Sú breyting leiddi til þess að rúmlega þreföldun varð á fjölda þeirra sem greiða upp námslán sín. Rætt var um að e.t.v. þyrfti að setja þak á hámark uppgreiðsluafsláttarprósentu. Ef stýrivextir skyldu hækka verulega í stuttan tíma gæti uppgreiðsluafsláttur orðið hærri en eðlilegt geti talist. Því var þetta skoðað sérstaklega við gerð þessara úthlutunarreglna.

Kjör lána sem lánasjóðurinn veitir eru góð og betri en sjóðurinn nýtur. Að meðaltali er styrkur sem felst í hagstæðum lána kjörum og afborgunum námslána um 50% af útlánum hvers árs. Vegna þessa er það sjóðnum í hag að sem hraðast sé greitt af lánum og í langflestum tilfellum hagkvæmara fyrir sjóðinn að veita einhvern uppgreiðsluafslátt. Eftir því sem lengra er eftir af lánstímanum er meiri afsláttur réttlætanlegur vegna vaxtamunarins og auknum líkum á að afskrift eftirstöðva aukist vegna andláts eða örorku. Líkan sem tæki mið af áætluðum

fram tíðartekjum, lífs- eða örorkulíkum væri eitt viðmið en þannig líkan hefur ýmsa ókosti í för með sér s.s. að líkanið væri ónákvæmt, ógagnsætt og auðvelt væri að gagnrýna niðurstöðurnar s.s. mismikinn afslátt á milli lánþega. Mikilvægt er fyrir LÍN sem opinbera stofnun að gæta að jafnræði skuldara.

Leitað var til Summu ehf. til að aðstoða við að finna hver sé hæfilegur uppgreiðsluafsláttur. Þeirra tillaga var að ganga út frá að lánið greiðist jafn hratt niður og því sé meðallíftíminn nálægt helmingi endurgreiðslutímans. Aðferðarfræðin tæki því til þriggja þátta þ.e. fjármögnunarkjara LÍN hjá Seðlabanka Íslands, almennra útlánavaxta LÍN og viðmiðunarlíftíma uppgreiddra lána.

Líkan fyrir uppgreiðsluafslætti verður því:

$$\text{Uppgreiðsluafsláttur} = (\text{fjármögnunarkjör LÍN} - \text{útlánsvextir LÍN}) * \text{viðmiðunarlíftími}$$

Meðallíftími alls lánasafnsins er um 20 ár. Sé miðað við 4 ára líftíma þá væri uppgreiðsluafslátturinn : $(2,9\% - 1\%)*4 = 7,6\%$ en $5,7\%$ sé miðað við 3 ár.

Meðalupphæð lána sem greidd hafa verið upp s.l. 4 mánuði er 1.325 þús.kr. og meðaluppgreiðsluafslátturinn 106 þús.kr. Höfuðstóll lánanna var misjafn þ.e. lægsti höfuðstóll uppgreidds láns var 136 þús. en hæsti höfuðstóll uppgreidds láns var 11,5 m.kr. Í meðfylgjandi töflu sést hversu lengi það tæki að greiða upp 1,3 m.kr. lán miðað við mismunandi tekjur greiðenda.

Laun	Afborgun	Uppgr.ár
3.590.000	134.625	11
5.000.000	187.500	8
6.000.000	225.000	7
7.000.000	262.500	6
8.000.000	300.000	5
9.000.000	337.500	5
10.000.000	375.000	4
11.000.000	412.500	4

Eins og sést þá tekur það greiðenda sem er með 10-11 m.kr. í árstekjur 4 ár að greiða upp lánið, lánþega með lágmarkslaun 11 ár og þann sem er með 7 m.kr. 6 ár að greiða upp lánið.

Ef 10% lánþega sem ættu eftir stystan lánstíma greiddu upp sín lán yrði það kostnaður fyrir sjóðinn sem næmi um 23 milljónum kr., ef miðað væri við 4 ára líftíma. Ef þessi 10% greiðenda dreifðust jafnt um lánasafnið þá yrði ávinningur lánasjóðsins um 3 milljarðar m.v. 4 ára líftíma.

Niðurstaðan er að horfti verði bæði til dagalánavaxta Seðlabanka Íslands og til ofangreindrar formúlu þegar ákvörðun er tekin um vexti út frá forsendum sem liggja fyrir við gerð úthlutunarreglna á hverju ári. Því er lagt til að miðað verði við 7,5% vexti sem eru daglánavextir Seðlabanka Íslands í nóvember 2015 og sem jafnframt endurspeglu ofangreinda formúlu miðað við 4 ára líftíma lánsins (7,6%). Uppgreiðsluafslátturinn nemi því 7,5% í úthlutunarreglum ársins 2016-2017 og taki gildi daginn eftir birtingu úthlutunarreglna fyrir skólaárið 2016-2017 í Stjórnartíðindum, sbr. 8. gr. laga nr. 15/2005 um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað.

Einnig var hnykkt á því í orðalagi greinarinnar að enginn viðbótarkostnaður felist í að greiða hraðar inn á námslán.

Þá er sett inn í úthlutunarreglurnar að greiðendur skuli sækja um uppgreiðsluafslátt innan þriggja mánaða frá uppgreiðslu láns.

8.5.1 Undanþága vegna verulegra fjárhagsörðugleika

Upphæð sem miðað er við varðandi árstekjur lánþega eru hækkaðar úr kr. 3.330.000 í 3.590.000 fyrir lánþega og úr 6.660.000 í kr. 7.180.000 fyrir hjón /og sambúðarfólk. Er áfram miðað við lágmarkstaxta BHM og meðaltekjur öryrkja en hins vegar er bætt við orlofsuppbót og desemberuppbót inn í viðmiðunartekjurnar. Þá er jafnframt sett inn í úthlutunarreglurnar við hvaða gengi skuli miðað þegar umsækjendur eru búsettir erlendis.

Rætt var um við hvaða gengi skuli miðað við mat á undanþágum frá afborgunum.

Þegar greiðandi sækir um undanþágu frá afborgun er horft til tekna ársins á undan afborgunarári og metið hvort viðkomandi sé undir viðmiðunarypphæð sem sjóðurinn hefur ákveðið að gildi í slíkum tilfellum. Varðandi greiðendur sem eru búsettir erlendis og hafa tekjur í erlendri mynt, þá geta gengisbreytingar gagnvart íslenskri krónu haft veruleg áhrif á það hvoru megin viðmiðunarmarku tekna viðkomandi lendir eins og áður sagði. Almennt gildir að þegar tekjur erlendis eru yfirfærðar í ISK við útreikning á gjalddaga, þá er notast við meðalgengi Seðlabanka Íslands á tekjuári. Þegar greiðandi búsettur erlendis sækir um undanþágu frá afborgun, þá getur sú staða verið uppi að yfirfærsla sjóðsins á tekjum viðkomandi erlendis samkvæmt framangreindri vinnureglu sé ekki að endurspeglu tekjur hans í íslenskum krónum á gjalddaga, sbr. meðfylgjandi tilbúið dæmi.

DKK	Meðalgengi tekjuárs	ISK	Gjalddaga-gengi	ISK
200.000	20	4.000.000	15	3.000.000
200.000	20	4.000.000	25	5.000.000

Í þessu tilviki sést hvernig staða gjaldmiðils í tekjuöflunarlandi gagnvart íslenskri krónu getur haft áhrif á stöðu greiðandans gagnvart sjóðnum. Í fyrra tilfallinu uppfyllir viðkomandi almenn skilyrði sjóðsins um tekjuviðmið til að fá undanþágu, en ekki í því síðara. Ef aftur á móti eingöngu hefði verið horft til meðalgengis á tekjuöflunarári, þá væri viðkomandi með of háar tekjur til að fá undanþágu. Með því að miða við stöðu gengis á gjalddaga, þá er verið að horfa tekjustöðu viðkomandi eins og hún á gjalddaga, en ekki u.þ.b. ári áður. Þessi staða getur skipt sköpun fyrir einstaklinga sem eru í greiðsluferfiðleikum.

Vegna þessa væri e.t.v. eðlilegra að miða við gengið á gjalddaga þegar skoðað er hvort veita eigi undanþágu frá tekjutengdri afborgun. Þannig væri reynt að koma til móts við þá sem eiga í greiðsluferfiðleikum. Galli er þó á þessari leið að ekki væri hægt að afgreiða undanþágur þessara greiðanda fyrr en eftir gjalddaga þegar gengið er ljóst en hefði hins vegar engin áhrif á afgreiðslu undanþága hjá greiðendum á Íslandi. Eingöngu væri miðað við gengi á gjalddaga við afgreiðslu

undanþága en fyrir hinn hefðbundna greiðanda við útreikning á tekjutengdu afborgunni þá væri notað meðalkaupgengi þess tekjuárs sem teknanna væri aflað.

Gengisbreytingar milli ára geta líka haft áhrif á hversu háa upphæð í erlendri mynt greiðandi þarf að standa skil á vegna afborgunar sem hefur verið reiknuð út frá meðalgengi. Neðangreind tafla sýnir misháa greiðsluupphæð í dönskum krónum á sama gjalddaga eftir genginu á greiðsludegi.

Gengi	Laun DKR	Afb.DKR	Laun ÍSK	Afb.ÍSK
25	200.000	6.000	5.000.000	150.000
20	200.000	7.500	4.000.000	150.000
15	200.000	10.000	3.000.000	150.000

Þegar gengi íslensku krónunnar er hátt þá lækkar afborgunin sem greiðandi þarf að greiða í dönskum krónum en dæmið snýst svo við þegar gengið lækkar.

Niðurstaðan er að leggja til að miðað sé við gengi gjaldmiðils á gjalddaga þegar skoðað er hvort veita eigi undanþágu frá tekjutengdri afborgun í stað meðalkaupgengi þess tekjuárs þegar teknanna er aflað en nota meðalkaupgengi þess tekjuárs sem teknanna er aflað þegar reiknuð er út tekjutengd afborgun líkt og verið hefur.

Fylgiskjal I

Kostnaðarmat á breytingum á úthlutunarreglum 2016 – 2017:

Grein:	(Allar tölur í m.kr.)	Hækkun á kostn.	Lækkun á kostn.
2.2.3 Doktorsnám			
Lagt er til að einingum til doktorsnáms verði fækkað niður í 60 ECTS-einingar. Þannig verður að hámarki veitt lán til 480 ECTS-eininga alls. Sparnaður kemur þó ekki fram fyrir en eftir 2 - 3 ár.			50
3.1 Grunnframfærsla			
Lækkun á framfærslu erlendis sbr. skýrslu Analytica 2014			295
Hækkun á lánahlutfalli LÍN til framfærslu úr 90% í 93%	495		
4.2 Lán með tilliti til húsnæðis			
Endurskoðun á framfærsluviðmiði til lána vegna húsnæðis á Íslandi			140
Samtals		495	485
<u>Verðlagbætur:</u>			
Ísland		515	
Erlendis		45	
Verðlagsbætur alls:		560	485
Kostnaðaráhrif vegna breytinga á úthlutunarreglum alls:		1.055	485
Hækkun á kostnaði		570	